

Mánudaginn 20. október 1947.

Nr. 54/1946. Anna Pálsdóttir (Hrl. Ragnar Jónsson)
gegn

Þorsteini Sigurðssyni f. h. Láru Hafliðadóttur og Ásdísar Hafliðadóttur og gagnsök (Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Mál til endurheimtu ofgreiddrar húsaleigu og bóta vegna útburðar.

Dómur hæstaréttar.

Eftir að máli þessu var áfrýjað til hæstaréttar, hefur varnaraðili í héraði, Garðar Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður, látizt. Hefur ekkja hans, frú Anna Pálsdóttir, haldið málinu áfram hér fyrir dómi.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. apríl 1946 og krafizt algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í því og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 1. maí 1946. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 17070.10 með 6% ársvöxtum frá 28. maí 1945 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skirskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um 1. og 2. kröfulið gagnáfrýjanda.

Hér fyrir dómi hefur gagnáfrýjandi lækkað 3. kröfulið sinn úr kr. 6500.00 í kr. 1000.00. Samkvæmt þeim skýrslum, er fram hafa komið, þykir bera að taka kröfu gagnáfrýjanda um þá fjárhæð til greina að fullu.

Miskabætur samkvæmt 4. kröfulið gagnáfrýjanda þykja hæfilega ákveðnar kr. 3500.00.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 920.10 + kr. 1000.00 + kr. 3500.00, eða samtals kr. 5420.10 ásamt 6% ársvöxtum frá héraðsstefnudegi 15. sept. 1945 til greiðsludags. Svo er og rétt, að

aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 1400.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Anna Pálsdóttir, greiði gagnáfrýjanda, Þorsteini Sigurðssyni f. h. Láru Hafliðadóttur og Ásdisar Hafliðadóttur, kr. 5420.10 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. september 1945 til greiðsludags og samtals kr. 1400.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. marz 1946.

Mál þetta, er dómtekið var 25. f. m., hefur Þorsteinn Sigurðsson húsgagnasmíðameistari f. h. Láru Hafliðadóttur og Ásdisar Hafliðadóttur, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 15. september s. l., gegn Garðari hæstaréttarlögmanni Þorsteinssyni, Vesturgötu 19 hér í bænum, til greiðslu skaðabóta o. fl. að fjárhæð kr. 22570.10 með 6% ársvöxtum frá 28. maí 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málavextir eru þessir.

Með úrskurði, uppkveðnum í fógetarétti Reykjavíkur 17. apríl s. l., var stefnendum máls þessa gert að rýma húsnæði í húsinu nr. 22 við Mánugötu hér í bænum, en hús þetta er eign stefnda, og hinn 28. maí s. á. var framkvæmdur útburður á stefnendum úr húsnæðinu. Úrskurði þessum var skotið til hæstaréttar, og með dómi upp kveðnum 20. júní s. á. var úrskurðurinn felldur úr gildi. Telja stefnendur, að stefnda beri að bæta þeim tjón það, er þær hafi beðið vegna þessa ólögmæta útburðar. Þá hafa þær og gert kröfu til oftekinnar húsaleigu og hitakostnaðar svo og andvirðis rafmagnsskermis, er orðið hafi eftir í húsnæðinu, er útburðurinn fór fram, en ekki verið skilað.

Kröfur sínar hafa stefnendur sundurliðað þannig:

1. Oftekin vísitöluhækkun og hitakostnaður	kr.	920.10
2. Loftskerm(um), óskilað frá Mánugötu 22	—	150.00
3. Viðgerð á herbúð	—	6500.00
4. Fégjald fyrir miska	—	15000.00

Samtals kr. 22570.10

Um 1. Lið þenna kveða stefnendur þann veg til kominn, að stefndi hafi innheimt vísitölufjárhæð á grunnleigugjaldi íbúðarinnar fyrir tímabilið maí 1943 til maí 1944, en slíkt sé óheimilt skv. 6. gr. húsaleigulaganna, þar eð leigumállinn um húsnæðið hafi ekki verið staðfestur af húsaleigunefnd fyrr en 9. maí 1944. Þá hafi stefndi og innheimt hitakostnað vegna upphitunar íbúðarinnar til 24. apríl 1944, en það brjóti í bága við 13. gr. sömu laga, enda hafi verið ákvæði þess efnis í samningi þeim, er gerður var á sínum tíma eða haustið 1942 um umrætt húsnæði, að húseigandi annaðist hita, nema öðruvísi yrði um samið, og væri hiti innifalinn í leigugjaldinu. Ofgreiðsla þessi nemi samtals kr. 920.10.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að þótt vera kunni, að um kröfu samkvæmt lið þessum væri að ræða á hendur sér, þá séu stefnendur máls þessa ekki réttir aðiljar að þeirri kröfu.

Leigutaki íbúðarinnar, Guðlaug Eberhardt, hafi sjálf innt leigugreiðslur af hendi til sín svo og hitagreiðslur fyrir nefnt tímabil, og sé því nú dánarbú hennar þitt, sem eigi aðild að hugsanlegri kröfu vegna þeirra skipta, en ekki stefnendur.

Málsástæðu þessari hreyfði stefndi ekki fyrr en við munnlegan flutning málsins. Þykir því verða að fallast á það með stefnendum, að vörn þessi sé of seint fram borin, og verður því eigi unnt að taka sýknukröfu stefnda til greina á þeim grundvelli.

Í annan stað byggir stefndi sýknukröfu sína, að því er varðar hitakostnaðinn, á því, að sú fasta venja hafi verið komin á, er hann eignaðist umrætt hús, að leigutaki greiddi sérstaklega hitakostnað, og hafi hann einungis fylgt þeirri venju.

Stefnda hefur ekki tekizt að færa fram nein gögn, er sýni, að slíkt hafi tíðkazt, áður en hann eignaðist húsið, og verður því þegar af þeim sökum að hrinda þessari varnarástæðu hans.

Þá telur stefndi, að leigusamningurinn um húsnæðið hafi öðlazt samþykki húsaleigunefndar, er hann eignaðist húsið snemma á árinu 1943, og hafi honum því verið heimilt að hækka húsaleiguna í samræmi við vísitöluna frá þeim tíma.

Í málinu hefur verið lagt fram afrit af nefndum leigusamningi, og er hann samþykktur af húsaleigunefnd þann 9. maí 1944 með þeirri breytingu, að grunnleiga íbúðarinnar er færð nokkuð niður. Hins vegar gefur ekkert til kynna, að leigumáli þessi hafi fyrr verið færður til samþykkis húsaleigunefndar eða öðlazt það, og er því ekki hægt að fallast á þessi rök stefnda.

Loks hefur stefndi bent á, að samkvæmt ákvæðum laga nr. 95 frá 1945 sé hækkan húsaleigu í samræmi við vísitölu ekki endurkræf, ef húsaleigunefnd staðfesti leigumálann síðar, en hann hafi, eins og sjáist af skjöld málsins, verið staðfestur 9. maí 1944.

Af greinargerð með frumvarpinu til nefndra laga virðist að

visu mega ráða í, að ætlazt sé til, að lögin kæmu til að verka aftur fyrir gildistökudag sinn.

Hins vegar er ekkert slíkt ákvæði í lögunum sjálfum, og þykir því viðurhlutamikið að telja þau hafa afturvirk áhrif. Með skírskotan til 2. málsg. 6. gr. sbr. 13. gr. laga nr. 39 frá 1943 þykir því bera að taka þenna lið til greina að fullu.

Um 2. Stefnendur halda því fram, að rafmagnsskermur hafi orðið eftir í húsnæðinu, er þær voru bornar út úr því, og hafi honum ekki verið skilað.

Stefnendur hafa ekki lagt fram nein gögn til sönnunar á réttmæti kröfuliðs þessa, og þykir því ekki unnt gegn mótmælum stefnda að sinna honum.

Um 3. og 4. Kröfuliðir þessir eru byggðir á því, að stefnendur telja sig hafa beðið allmikið tjón vegna útburðarins. Hafi þær flutt í herbúð inn við Lauganes, og sé fyrri liðurinn áætlaður kostnaður við að koma henni í íbúðarhæft ástand. Þá beri þeim auk þess bætur fyrir miska vegna hins ólögmeta útburðar, en þar eð hann hafi farið fram á ábyrgð stefnda beri honum að bæta þeim allt tjón það, er þær hafi beðið af völdum hans.

Sýknukröfu sína, að því er varðar liði þessa, reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að áður en útburðurinn fór fram, hafi orðið þau vanskil á leigugreiðslu stefnenda, að útburði vörðuðu. Greiðsla fyrir aprilmánuð hafi ekki verið innt af hendi fyrr en 27 dagar voru liðnir af mánuðinum, en samkvæmt ákvæðum leigumálans skyldi leiga greidd fyrirfram fyrir hvern mánuð.

Eins og getur að framan undir lið nr. 1, er leitt í ljós, að stefndi hefur fengið greitt umfram skyldu kr. 920.10. Þykir mega skulda-jafna af þeirri fjárhæð við kröfu hans um greiðslu húsaleigu fyrir aprilmánuð, en hún telst hafa numið kr. 170.00. Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að vanskil hafi verið fyrir hendi, áður en eða þegar útburðurinn var framkvæmdur, og verður varnarástæða þessi því ekki tekin til greina.

Í annan stað byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að umgengni stefnenda um húsnæðið hafi verið svo slæm, að leigurétti hafi verið fyrirgert og útburður því heimill.

Sama dag og útburðurinn var framkvæmdur voru að beiðni stefnda dómkvaddir tveir menn til þess að skoða ástand húsnæðis-ins, og fór skoðun fram næsta dag. Í skoðunargerðinni, sem dagsett er 31. maí 1944, segir m. a. svo:

„Við skoðun á íbúðinni kom í ljós, að engin hreingerning hefur farið fram, þegar leigutaki skilaði henni af sér. En um ástand hennar í heild er þetta að öðru leyti að segja: Í veggum hafa verið reknir óhæfilega margir naglar, þ. e. milli 80 og 90 alls, og hafa við útdrátt á þeim sprungið óeðlilega stór stykki úr múrhúðinni,

stærri en svo, að unnt sé að fylla holurnar í sambandi við venjulega málun. Af þessum sökum verður að mála alla veggj með mun meiri tilkostnaði en ella. Í stofu var miðstöðvarofn laus frá og leiðslum lokað með skruftöppum; þar var og gat á gólfduk. Í svefnherbergi var gólfdukurinn ónýtur á þriggja fermetra kafla, að því er virðist vegna vatnsrennslis. Þar var og brotið lok á rafmagnstengli. Í anddyri var gólfduki spillt vegna leka úr baðherbergi, sennilega undir þröskuld. Varðandi umgengni í baðherbergi að öðru leyti athugast þetta. Lamir eru brotnar á W.C.-setu, gler brotið á skiptihana við baðker, gormslangan við baðker slitin sundur, gúmmitappa vantar í þvottaskál og baðker. Í eldhúsi þarf að skipta um gólfduk vegna skemmda af vatnsrennslis. Tappa vantar í eldhúsvask, gluggarúða er brotin og lamir bilaðar á glugga, emailering brotin af vask, lóm brotin af skáp og „elite“-múr kringum vask óeðlilega slitinn og tærður. Af rafeldavél er hurðarlokan biluð.“

Báðir skoðunarmennirnir hafa komið fyrir dóm í málinu. Hefur annar þeirra borið og staðfest fyrir dóminum, að ekki hafi verið sóðalega um íbúðina gengið og að skemmdirnar hafi yfirleitt ekki verið stórvægilegar. Framburði hins skoðunarmannsins var mótmælt sem óstaðfestum, en staðfesting fór ekki fram vegna heilsuþrests hans. Með skírskotun til þess, sem upp er komið í málinu varðandi umræddar skemmdir, svo og þess, að ekki er leitt í ljós, hvernig ástand íbúðarinnar var, er umræddur leigutaki tók hana á leigu eða er stefndi eignaðist húsið, þá verður ekki talið, að útburður hefði orðið á þeim reistur. Af því, sem að framan er sagt, verður að telja, að nefndur útburður hafi verið ólögmætur, eins og á stóð, og ber stefnda því að bæta stefnendum tjón það, er þær hafa beðið við hann.

Eigi þykir unnt að taka til greina kröfu stefnenda um, að þeim verði bættur allur áætlaður kostnaður við að koma umræddum herbúðum í íbúðarhæft ásigkomulag. Hins vegar þykir verða að telja ljóst, að stefnendur hafi beðið nokkurt beint tjón vegna útburðarins, og þykja þær bætur ásamt bótum fyrir óþægindi og miska, er útburðurinn hafi bakað þeim, hæfilega ákveðnar kr. 3500.00.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefnda verður gert að greiða stefnendum kr. 920.10 + 3500.00 eða samtals kr. 4420.10 með 6% ársvöxtum, er reiknast einungis frá stefnudegi, svo og málskostnað, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 750.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Garðar Þorsteinsson, greiði stefnanda, Þorsteini Sigurðssyni f. h. Láru Hafliðadóttur og Ásdísar Hafliðadóttur, kr. 4420.10 með 6% ársvöxtum frá 15. september 1945 til greiðslu-

dags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. október 1947.

Nr. 18/1947. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Guttormur Erlendsson)

gegn

Sigurði Guðna Gíslasyni

(Hrl. Einar Ásmundsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Manndráp af gáleysi. Brot gegn löggjöf um umferð.

Dómur hæstaréttar.

Flughálka var á vegi þeim, er slysið varð á, og var ákærða um það kunnugt, þar sem hann hafði ekið þar um skömmu áður. Hann sá til drengjanna á sleða um 100 metra fram undan sér, en þeir voru 7 og 8 ára að aldri, og mátti hann því gera ráð fyrir barnalegum viðbrigðum af þeirra hendi. Þrátt fyrir þetta ók hann með 30—40 km hraða niður töluverðan halla, án þess að hafa keðjur á hjólum bifreiðarinnar, og dró ekkert úr hraðanum, er hann ætlaði að aka fram úr drengjunum vinstra megin við þá, enda gat hann ekki stöðvað bifreiðina á skemmra færi en 29 metrum, eftir að árekstur hafði orðið milli hennar og sleðans. Ákærði hefur því með stórkostlegu gáleysi við akstur orðið valdur að dauða drengsins Guðmundar Jóns Jóhannssonar, og varðar brot hans við 26. og 27. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. og 4. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6 mánaða varðhald. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna ber og að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestist. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 400 krónur til hvors.